

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 384/1992.

Kristján Hálfðánarson

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Elísabetu Benediktsdóttur

(Grétar Haraldsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1992. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu í aðalsök og að kröfum stefndu í framhaldssök verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af þeim. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 4. maí 1992. Það var endurupptekið 3. september sama ár, og var þá eftirfarandi bókað: „Málið er endurupptekið og aðilum gefinn kostur á endurflutningi og beint til þeirra spurningum. Ekki er talin þörf á endurflutningi. Málið er lagt í dóm og dómtekið að nýju og á það lagður svohljóðandi dómur: . . .“ Í héraðsdómi er sagt, að dráttur á dómsuppsögu eftir aðalflutning hafi orðið „af ástæðum er varða umfang málsins, aðrar annir dómsformanns, aðskilnað dómsvalds og umboðsstjórnar og réttarhlé“.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er fjórir mánuðir voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings, og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku.

Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.
